

Grímuskylda frá og með morgundeginum, þriðjudag 22. september 2020

Tilkynning til nemenda og foreldra/forráðamanna aayushagnisingh@gmail.com

Vegna mikils fjölda smita undanfarna daga hefur tímabundið verið hert á sóttvörnum í framhalds- og háskólum á höfuðborgarsvæðinu. Næstu daga munu **bæði nemendur og allt starfsfólk skólans bera grímur í kennslustundum**. Skólinn sér um að útvega grímur fyrir þá sem ekki eiga.

Við minnum á staðlotur vikunnar í eftirtöldum greinum:

Ensku

Dönsku

Þriðja tungumálinu (spænska, franska og þýska)

Íslensku

ÍSAN - fyrir nemendur með íslensku sem annað mál

Íþróttum, bóklega áfanganum

Verklegum greinum

Hámarki – fyrir nemendur á 2. ári

Enn og aftur er lögð áhersla á að **nemendur virði þau sóttvarnarhólf** sem skólinn hefur skipulagt og gangi inn og út úr skólanum samkvæmt tilmælum. Einnig **að dvelja ekki á göngum né í öðrum rýmum skólans á milli tíma að óþörfu**. Besta leiðin til þess að forðast smit er að sinna vel **persónubundnum sóttvörnum**, halda fjarlægðarmörk, þvo sér vel og spritta.

Við ítrekum þau fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda að **vera heima** ef þið eruð með einhver flensueinkenni. Best er ef foreldrar/forráðamenn tilkynna veikindi í Innu eða hringja á skrifstofu skólans. Ef nemendur eru í sóttkví eða í einangrun vegna COVID-19 er afar **mikilvægt að láta strax vita, á skrifstofu eða beint til skólameistara**. Einnig er mikilvægt að vera í **góðu sambandi við kennara sína** og fylgjast vel með á INNU og fyrirmælum samkvæmt vikuáætlunum hvers áfanga fyrir sig.

Við hvetjum alla til þess að fylgjast vel **með fréttum** á heimasíðu skólans og tilkynningum í tölvupóstinum ykkar. Einnig að mæta vel og sinna náminu eins og kostur er, það er afar mikilvægt, hvort sem er á netinu eða í skólanum. Ef einhverjar spurningar vakna þá er um að gera að hafa samband, á skrifstofu eða beint við nemendapjónustu skólans, sjá allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Gangi ykkur öllum vel!

Erla S. Ragnarsdóttir, skólameistari